# VIÐAR GRUNNMÁLNING

**Gerð:** Vatnsþynnt þekjandi olíu-akrýl grunnmálning.

**Notkunarsvið:** VIÐAR GRUNNMÁLNING er ætluð til grunnunar á gluggum, viðarklæðningum þakköntum o.þ.h. utanhúss.

**Eiginleikar:** VIÐAR GRUNNMÁLNING er ætluð til notkunar utanhúss, á við sem á að yfirmála með VIÐARI ÞEKJANDI. Grunnmálningin er vatnsþynnanleg, smýgur vel inn í viðinn og tryggir góða viðloðun. Málningin er vatnsfráhrindandi en jafnframt opin gagnvart vatnsgufu. Viðar grunnmálning tefur eða hindrar blæðingu viðarkvoðu sem og gróður- og sveppamyndun.
VIÐAR GRUNNMÁLNING er einfaldur í notkun og minnkar losun á lífrænum leysum samanborið við klassíska viðarvörn.

Upplýsingar þessar eru samkvæmt okkar bestu vitund.
Enga ábyrgð eða tryggingu fyrir árangri er þó unnt að gefa,
þar eð skilyrði við notkun eru utan takmarka okkar umráða.

# TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR

| | |
|---|---|
| **Stofnar:** | Hvítur (Stofn AP) og Stofn C |
| **Litir:** | Hægt að lita í fjölda lita. |
| **Gljástig:** | Matt |
| **Efnisnotkun:** | 6-8 $m^2$/l óheflaður viður<br>8-10 $m^2$/l heflaður viður |
| **Pakkningar:** | 0.5 l, 1.0 l og 4.0 l |
| **Áhöld:** | Pensill eða rúlla |
| **Þurrktími og yfirmálun:** | Snertiþurrt eftir um 1-2 klst.<br>Yfirmálun eftir um 8 klst við 10°C og 60% hlutfallsraka lofts (%HR). Yfirborðið getur verið viðkvæmt fyrstu dagana. |
| **Eðlismassi:** | ~1,3 g/ml |
| **Þurrefni:** | ~50% |
| **Geymsla:** | Geymið í lokuðum umbúðum dimmum og svölum stað. Má ekki frjósa. |
| **VOC:** | Skv. reglugerð 1025/2005 þá eru viðmiðunarmörk VOC fyrir þessa vöru fl. A/e 130 g/l (2010). Varan inniheldur að hámarki 15 g/l |

Upplýsingar þessar eru samkvæmt okkar bestu vitund.
Enga ábyrgð eða tryggingu fyrir árangri er þó unnt að gefa,
þar eð skilyrði við notkun eru utan takmarka okkar umráða.

## VERKLÝSING

**Undirbúningur:** Fjarlægið öll óhreinindi og gróður með viðeigandi efnum. Viðarkvoðu skal skafa burt og þrífa. Fjarlægið lausa gamla málningu, gráma og fúinn við. Mattið gljáandi fleti.
Rakastig viðarins skal vera undir 18% við málun, en um 12% á gluggum og hurðum..
Beran við skal meðhöndla með VIÐARI TRÉVÖRN.

**Notkunar aðstæður:** Heppilegast er að flöturinn sé yfir 5°C og ekki heitari en 25°C. Loftraki þarf að vera undi 80%. Bíðið með notkun ef búast má við rigningu eða ef aðstæður eru óhentugar fyrir notkun. Forðist að vinna í beinu sólarljósi.

**Vinnutilhögun:** Fyrir notkun skal hræra upp í málningunni. Málið 1–2 umferðir og málið fjöl fyrir fjöl, til að fá jafna og fallega áferð.

**Hreinsun áhalda:** Með volgu sápuvatni eða penslasápu strax eftir notkun.

**Athugið:** Eftir opnun minnkar geymsluþol.
Inniheldur sæfiefni til að verja þurra filmu. Sæfiefnið inniheldur IPBC.
Góð undirvinna er jafnan forsenda góðs árangurs.

Upplýsingar þessar eru samkvæmt okkar bestu vitund.
Enga ábyrgð eða tryggingu fyrir árangri er þó unnt að gefa,
þar eð skilyrði við notkun eru utan takmarka okkar umráða.